

Reglugerð fyrir skotíþróttadómara og dómara nefnd

Dómara nefnd

1. gr.

Dómara nefnd STÍ skal skipuð þremur einstaklingum og a.m.k. tveir þeirra þurfa að hafa landsdómara réttindi. Í nefndina skal kosið á þingi STÍ.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er.

- a) að vera æðsti innlendi aðili um túlkun leikreglna STÍ og viðkomandi alþjóðasambanda.
- b) að hafa yfirumsjón með málefnum skotíþróttadómara í landinu.
- c) að hafa yfirumsjón með menntun skotíþróttadómara, útskrifa þá og halda skrá yfir dómara.
- d) að halda dómara námskeið.
- e) að vera sérfræðilegur ráðunautur stjórnar STÍ og annast verkefni varðandi leikreglur og dómara, er stjórn STÍ kann að fela henni.
- f) að meta hvort dómaraefni séu hæf til dómgæslu með tilliti til agareglna og annarra þátta sem hún telur þörf á.

3. gr.

Nefndin starfar sjálfstætt og er ábyrg gagnvart stjórn STÍ. Nefndin skal færa gerðarbók um störf sín.

Skotíþróttadómara

1. gr.

Skotíþróttadómurum skal skipt eftir kunnáttu og reynslu í héraðs, lands og alþjóðlega dómara.

Héraðsdómarar:

2. gr.

Réttindi sem héraðsdómari öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði sem haldið er af dómara nefnd STÍ, í hverri einstakri grein. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum atriðum fullnægt:

- a) Dómaraefni skal hafa náð 20 ára aldri.
- b) Dómaraefni skal standast próf og mat dómara nefndar.

3. gr.

Sá sem staðist hefur próf til héraðsdómara í einstakri grein hefur réttindi til að dæma í innanfélagsmótum sem yfirdómari, og á landsmótum sem meðdómari.

Landsdómarar:

4. gr.

Réttindi sem landsdómari öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði sem haldið er af dómara nefnd STÍ, í hverri einstakri grein. Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirfarandi atriðum fullnægt.

- a) Landsdómaraefni skal hafa náð 25 ára aldri og hafa víðtæka reynslu í skotíþróttum
- b) Skal standast próf og mat dómara nefndar.
- c) Æskilegt er að landsdómari keppi ekki í opinberum mótum né dæmi sem yfirdómari í mótí, sem hann keppir sjálfur í.

5. gr.

Sá sem hefur staðist próf landsdómara í viðkomandi grein, hefur réttindi til að dæma í öllum innanlandsmótum í þeirri grein.

6. gr.

Alþjóðleg dómara réttindi hljóta dómara skv. reglum viðkomandi alþjóðasambanda.

Almennar reglur:

7. gr.

Æskilegt er að Íþróttafélög innan STÍ hafi virka dómara innan sinna vébanda.

8.gr.

Alþjóðleg ISSF dómaranámskeið er enginn hæfur til að sitja, nema viðkomandi sé tilnefndur af sínu félagi, sé með landsdómararéttindi og sé hæfur að mati dómaranefndar STÍ. ISSF dómararéttindi taka yfir öll innlend réttindi. Góðrar enskukunnáttu er krafist til setu á ISSF-námskeiðunum.

9. gr.

Þau íþróttafélög sem halda landsmót, skulu tilkynna einn landsdómara til starfa á mótinu. Nafn dómara, heimilisfang og símanúmer skal fylgja tilkynningu.